

**Fimmtándi fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn 12. janúar 2015 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 16:30**

**Mættir:** Rúnar Bragi Guðlaugsson, Leifur Guðjónsson, Maríanna Hugrún Helgadóttir, Magnús Dalberg, Hannes Tryggvi Hafstein, Linda Björk Ragnarsdóttir, Þorsteinn Narfason og Árni Davíðsson sem ritaði fundargerð.

### 1. Heimsókn frá Umhverfisstofnun

Kristín Linda Árnadóttir forstjóri og Gunnlaug H. Einarsdóttir sviðsstjóri mættu á fund nefndarinnar og var fjallað um eftirtalin mál.

1. Hlutverk heilbrigðisnefnda og Umhverfisstofnunar
2. Yfirumsjónarhlutverk Umhverfisstofnunar, í dag og til framtíðar.
3. Vöktun Umhverfisstofnunar á loftgæðum á eftirlitssvæðinu. Er vilji innan UST til að stefna að þessu.
4. Vöktun strandlengjunnar, samræming, aðferðafræði - fráveitumál.
5. Meðhöndlun úrgangs – Af hverju ekki að flokka meira heima. Eftirlit UST í Álfsnesi og loftmengun frá urðunarstaðnum.
6. Leiðbeiningar frá UST um verklag við álagningu dagsekta og innheimtu þeirra, jafnvel almennt um beitingu þvingunarúrræða og innheimtu greiðslu kostnaðar við viðbótareftirlit.
7. Stór verkefni framundan
  - a. Heildstæð vöktunaráætlun fyrir vatn
  - b. Áhættumat í mengunareftirliti

### 2. Umsóknir um starfsleyfi og tóbaksöluleyfi

**Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla, hollustuhátta og mengunarvarna**

- a. Snorri Örn Hilmarsson sækir um starfsleyfi fyrir verslun og vinnslu á eigin framleiðslu á nautakjöti. Slátrun fer fram í slátruhúsi með starfsleyfi MAST. Aðsetur verslunar og vinnslu að Sogni í Kjós.  
„Samþykkt til 12 ára með vísan til laga um matvæli“.

### 3. Málefni Mótomos motorhjólafélags.

Lagt fram bréf heilbrigðiseftirlitsins til Motomos dagsett 4. desember 2014. Engin svör bárust frá Motomos en tölvubréf barst frá umhverfisstjóra Mosfellsbæjar dagsett 18 og 19. desember 2014 þar sem fram kemur að verið sé að vinna að deiliskipulagi vegna starfseminnar og beðið sé svara frá Skipulagsstofnun vegna matsáætlunar. Landmótun sé að vinna að gerð deiliskipulags. Tillaga að deiliskipulagi ástamt umhverfisskýrslu verði sett í auglýsingu þegar það liggur fyrir.  
„Frestað.“

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

### 4. Fráveita Seltjarnarness

Lagt fram bréf Seltjarnarnesbæjar um stöðu fráveitumála á Seltjarnarnesi sent 30. desember 2014 þar sem nýrri fráveituframkvæmd á Seltjarnarnesi er lýst í samræmi við 17 gr. reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999 en þar kemur fram að sveitarstjórn skuli senda áætlun um nýjar og endurbættar fráveitur til heilbrigðisnefndar. Skv. reglugerðinni hefur Seltjarnarnesbær frest til ársloka 2005 til að byggja safnræsi með eins þreps hreinsun.  
„Frestað.“

### 5. Önnur mál

- a. Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar dagsett 30. desember 2014 um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa frá skipum.  
„Frestað.“
- b. Lagt fram bréf Mosfellsbæjar dagsett 22. desember 2014 ársamt verkefnislýsingu fyrir aðalskipulagsbreytingu í landi Selholts v. víkingabæjar. Málið er sent til umsagnar.  
„Frestað.“

**Fundurinn stóð til kl. 18:40.**